STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDUBTREGI

**Forstöðumannaskýrsla**

Starfsstöð: **Áhaldahús/höfn**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: nóv 2020

1. **Verkefni í undirbúningi:**
   - Undirbúningur rofvarna meðfram Hafnarbraut með vegagerðinni
   - Fjárhagsáætlunargerð
2. **Verkefni í vinnslu:**
   - Fjárhagsáætlunargerð
   - Ráðhús Hafnarbraut málun,  og smávægilegar lagfæringar og breitingar
   - Grjótgarður á Borgarbraut.
   - Gera gamla slökkvibíl söluklárann
   - Eftirlit og snjómokstur
3. **Verkefnum lokið:**

1. • Undirbúningur með vegagerðinni vegna útboðs á þekju á bryggju
   • Lagfæring á virkjunarveg vegna styrks frá vegagerðinni

2. **Annað**:

   Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum   Eins eru mörg önnur smáverk.

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Byggingafulltrúi**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson
Tímabil: Nóvember

**Verkefni í undirbúningi:**

- Lóðarleigusamningar
- Lóð Skeljavík?
- Uppmæling
- Melgraseyri – ólöglegir bústaðir

**Verkefni í vinnslu:**

- Yfirferð skráninga
- Óskráð hús á Borgarbraut
- Bankahús
- Teikningar skönnun & flokkun
- Hólmavíkur kirkja
- Miðtún, stofnframlag.
- Höfðagata – Laga skráningu.
- Lækjartún - ferli
- Hrófberg - ferli
- Brunngil - ferli

**Verkefnum lokið:**

Samkomuhús – félagsmiðstöð

**Annað:**

Gámar – yfirferð

**Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunn- og tónskólinn á Hólmavík**

**Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

**Nóvember 2020**

**Verkefni á frumstigi:**

- Innleiðing styttri vinnuviku. (HG
- Gera við ljósastaur við skóla og kastara á útvegg skóla (HG, Áhaldahús)
- Leki á lofti á gangi grunnskóla. Gera þarf við hné sem er farið að leka. (HG) *Aðgerðum frestað í apríl.*
- Leki upp um gólf á bókasafni. (HG) *Aðgerðum frestað í apríl.*

**Verkefni í vinnslu:**

- Stytting vinnuvikunnar. Fundir samningar og skýrsla. (HG og starfsfólk)
- Starfsáætlun leikskóla. Ljúka í nóv/des. (HG, BÓG)
- Deildarnámskrá tónskóla. Ljúka í nóv/des. (HG, BÞV)
- Deildarnámskrár leikskóla. Ljúka í nóv/des. (HG, BÓG)
- Velja gildi/einkunnarorð og nafn, sýn og stefnu fyrir sameinaðan skóla . (HG)

- Stærðfræði með augum heimsins, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. (HG, EEM, Trappa). *Unnið í fjarfundum.*

**Verkefnum lokið:**

- Umbótaáætlun ytra mats grunnskóla. Sett á heimasíðu. (HG)
- Innra mat spurningalistar. Tilbúnir til útsendingar(HG)
- Viðbragðsáætlanir Covid 19 (HG)
- Gera við ljósastaura á milli skóla og kirkju og á róluvelli. (HG, Áhaldahús
- Undirbúningur með formanni fræðslunefndar fyrir fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. (GLH, HG)

**Félagsmálastjóri, nóvember 2020**
Soffía Guðrún Guðmundsdóttir

**Helstu verkefni**

- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í haust og ný verkefni að bætast við, aðallega í liðveislu og heimaþjónustu.
- Reglur vegna covid-19 halda áfram að breytast og þarf að fylgja þeim eftir og skoða hvaða áhrif þær hafa á starfsemi félagsþjónustu.
- Betri vinnutími þ.e. stytting vinnuviku skv kjarasamningum, er framundan og kynning á þeim samningum hefur verið vikulega á fjarfundum. Hjá Félagsþjónustunni er bæði um að ræða starfsmenn í dagvinnu og vaktavinnu.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.

**Forstöðumannaskýrsla**

Starfsstöð: **Tómstundasvið**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.- 30. nóvember

1. **Verkefni í undirbúningi:**
    - Starfsáætlun tómstundafulltrúa
    - Athuga með stofnun öldungaráðs í samstarfi við félagsmálastjóra.

- Hátíðardagskrá ársins 2021. Lagt er upp með að haldin verði hátíð mánaðarlega. Tómstundafulltrúi stendur ekki fyrir þeim öllum en kemur að þeim með einhverjum hætti.
- Frístundadagatal. Upplýsingar um allt opið starf í Strandabyggð. Er í ákveðinni biðstöðu vegna covid.
- Innra skipulag Ozon og Fjóssins. Hvernig viljum við sjá starfið fyrir okkur varðandi rými, búnað, opnanir og framboð.
- Ungmennaþing verður haldið snemma á nýju ári og þá kosið í nýtt ungmennaráð.
- Strandasól í janúar og Hörmungardagar í febrúar

2. **Verkefni í vinnslu:**
   - Ný byrjun Ungmennaráðs. Aldurviðmið og kosningar
   - Félagsstarf eldri borgara. Aðstaða, markmið og nýting. Vinna með starfsfólki félagsstarfsins er hafin.
   - Val í Ungmennaráð Samfés,
   - Ársskipulag Ozon og janúar í Ozon
   - Kynheilbrigðiskennsla í Grunnskólanum á Hólmavík og Drangsnesi
   - Skipulag hópastarfs og valgreina eftir áramót (Þjóðleikur, kynheilbrigði, Stíll, söngvakeppni, ozonráð, anime-stelpuklúbbur og sértækt hópastarf)
   - Félagsstarf nýbúa/snúbúa/fólks með annað móðurmál. Mikil stemmning er fyrir þessu í hópnum eftir #Bókavík.
   - Bætt aðstaða í Ozon/Fjósi, aðallega fegrun umhverfis og merking svæðisins auk þess að fá Pool borð.
   - Félagsstarf eldri borgara á netinu. Nú er hist á zoom vikulega, mæting er misgóð.
   - Efling samfélagsmiðla. Facebook tómstundafulltrúa er orðið ansi líflegt en fáir virðast sjá pósta, Snap og Instagram þarf að bæta.
3. **Verkefnum lokið:**
   - #Bókavík fór fram á Facebook. Undirbúningur var knappur og markaðssetning takmörkum en allt gekk framan vonum, fjölmiðlaathygli var töluverð, margar stofnanir og einstaklingar lögðu verkefninu lið og til varð safn gagna og verkefna sem hægt er að nýta áfram. Það er tilvalið að nýta tækifærið nú þegar lífið fer fram að miklu leiti á netinu, nú er fjarlægð og fámenni ekki hindrun.
   - Mánaðarskipulag Ozon. Ozonráð er á miðvikudögum kl.14:30-16 og gildir sem valgrein fyrir unglinga. Almennt er opið á fimmtudögum, kl. 16-18

fyrir miðstig en 19-21 fyrir unglinga, 7. bekkur má mæta með báðum hópum. Í nóvember var opið á Discord fyrir eldri og Google Meet fyrir yngri meðan á samkomubanni stóð.

- Opnun Fjóssins og stofnun Fjósráðs. Opnanir eru á miðvikudagskvöldum og er aldurinn 16-25 ára. Ákveðnir aðilar mega hafa lykla, allir skrá sig í bók og þann tíma sem þau eru á staðnum, hvað er gert og hver er síðastur út en enginn starfsmaður er á staðnum. Fjósafólk fundar annan hvern þriðjudag kl. 11:30 til skipulagningar og mega allir mæta og hafa áhrif og vera þá með í Fjósráði.
- Foreldramorgnar eru komnir af stað og eru alla þriðjudaga kl 10:30 í Hnyðju.
- Endurverkja samstarf við nágrannafélagsmiðstöðvar og samtök. Fundir hjá Samfés eru alla miðvikudaga kl 11 meðan á samkomutakmörkunum stendur og eru mjög mikilvægur vettvangur.
- Ráðning starfsfólks. Elín Viktoría og Gunnar Bragi starfa nú hjá félagsmiðstöðinni Ozon. Berglind Maríusdóttir og Inga Sigurðurðardóttir starfa í félagsstarfi eldri borgara. Andinn í hópnum er góðum og mikill metnaður fyrir því að sinna öflugu starfi.
- Ungmennaþing var haldið á Zoom og ályktað um nýtt aldursviðmið í ungmennaráð.
- Stækkun á rými Ozon/Fjóssins. Mikilvægt er að hafa fleira en eitt rými ef taka þarf persónuleg samtöl eða ef ungmennin vilja gera ólíka hluti. Nú er búið að taka til baksviðs og Ozon/Fjósið verður með astöðu þar meðan ekki er verið að æfa eða sýna á sviðinu. Þetta er mjög gleðilegt og býður upp á alls konar möguleika.
- Esport mót. Þrír fulltrúar Ozon tóku þátt í samnorrænu rafíþróttamóti í byrjun mánaðar og stóðu sig með prýði.

Forstöðumannaskýrsla 7. desember 2020

**Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði**

Hrafnhildur Skúladóttir

Allan nóvember var lokað fyrir almenning en allt barnastarf óskert.  Grunnskólaíþróttir og æfingar íþróttafélaga.

Því hefur verið barnastarf alla daga til 16 nema á mánudögum þá klárast Skíðafélagsæfingar ca 18.30

**Verkefni í undirbúningi:**

- Viðgerð á þakglugga
- Viðgerð á CO2 kerfi, lífshættulegt ef það lekur.

**Verkefni í vinnslu:**

- Endurbætur á glerbúri í afgreiðslu í sóttvarnarskyni

**Verkefnum lokið:**

- Flæðisvandamál leyst.